

36
18. febr.

	14. gr.	
Til eignaaukningar samkvæmt 20. gr. Út,		
voru greiddar	kr. 124 862 640.40	
en veittar voru í fjárlögum	— 36 987 506.00	
	Mismunur	kr. 87 875 134.40
Inn fóru kr. 101 641 860.25 fram úr fjárlagaáætlun.		
	Samtals	kr. 122 786 561.69

Gjört í Reykjavík, 18. febrúar 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

37
18. febr.

L Ö G

um að breyta í óafturkræf framlög ríkislánum til Búnaðarbanka Íslands, byggingarsjóðs verkamanna, lánadeildar smáibúðarhúsa og láni til útrýmingar heilsuspillandi íbúða.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirtalin lán, sem ríkissjóður hefur veitt Búnaðarbanka Íslands, byggingarsjóði verkamanna og lánadeild smáibúðarhúsa, skulu vera óafturkræf framlög:

1. Lán veitt Ræktunarsjóði Íslands:
 - a. Af gengishagnaði 1950 kr. 6874946.51
 - b. Af tekjuafgangi ríkissjóðs 1951 — 7500000.00
2. Lán veitt byggingarsjóði Búnaðarbankans:
 - a. Af gengishagnaði 1950 kr. 6874946.51
 - b. Af tekjuafgangi ríkissjóðs 1951 — 7500000.00
3. Lán veitt veðdeild Búnaðarbankans:
 - Af tekjuafgangi ríkissjóðs 1951 kr. 1000000.00
4. Lán veitt byggingarsjóði verkamanna:
 - a. Af gengishagnaði 1950 kr. 6874946.51
 - b. Af tekjuafgangi ríkissjóðs 1951 — 4000000.00
5. Lán veitt lánadeild smáibúðarhúsa:
 - Af tekjuafgangi ríkissjóðs 1951 kr. 4000000.00

Sama gildir um ógreidda vexti til ríkissjóðs af þessum lánum.

2. gr.

Þær kr. 4 000 000.00, sem lánaðar hafa verið af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1951 til útrýmingar heilsuspillandi íbúða samkv. III. kafla laga nr. 44/1946, skal ríkisstjórnin, jafnóðum og þær endurgreiðast, lána að nýju til sams konar framkvæmda. Sama gildir um ógreidda vexti til ríkissjóðs af þessu fé.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. febrúar 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.